

Starfslýsing, gæðastjóri

Starf

Gæðastjóri

Næsti yfirmaður

Skólameistari

Starfshlutfall

50 - 100%

Tilgangur og markmið starfs

Gæðastjóri skipuleggur, stýrir og hefur umsjón með gæðamálum í Menntaskólanum á Akureyri. Hann vinnur eftir skólasýn MA og skólabrag eins og kemur fram í skólanámskrá MA.

Gæðastjóri ber ábyrgð á að verkefni í hans umsjá séu framkvæmd innan þess fjárhags- og tímaramma sem hefur verið áætlaður og samþykktur. Hann skal vinna verk sín af trúmennsku og í góðu samstarfi við aðra stjórnendur, samstarfsfólk, nemendur og aðstandendur. Hann skal sjá um að verkefni séu vel af hendi leyst og séu í samræmi við stefnu skólans, lög og reglugerðir ásamt öðrum reglum sem skólinn setur sér og starfsmönnum sínum.

Helstu verkefni

- Vinnur að ritun gæðahandbókar sem nær til allrar starfsemi skólans
- Leiðir innleiðingu gæðastjórnunarkerfis
- Ber ábyrgð á kynningu gæðamála fyrir samstarfsfólki
- Gerir áætlun um starf gæðaráðs
- Boðar fundi gæðaráðs og sér til þess að fundargerðir séu ritaðar
- Heldur utan um mat á starfsemi skólans
- Ber ábyrgð á ritun skýrslu gæðaráðs
- Birtir upplýsingar um gæðamál á vef skólans
- Er tengiliður við Menntamálastofnun um ytra mat
- Sér um málalykil skólans og skjöl sem falla undir hann
- Sér um innri úttekt á jafnlaunakerfi skólans

Ábyrgð

- Ritstýrir gæðahandbók
- Stýrir starfi gæðaráðs
- Fylgir eftir umbótaverkefnum í gæðamálum

Starfslýsing, gæðastjóri

- Kynnir gæðamál fyrir starfsfólki
- Heldur utan um málalýkil og skjalamál

Menntun, reynsla og hæfni

Gæðastjóri skal hafa háskólamenntun sem nýtist í starfi. Viðkomandi þarf að hafa góða færni í íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti, búa yfir góðri tölvukunnáttu og færni í vinnslu með ýmis tölfræðigögn. Starfinu fylgja samskipti við samstarfsfólk og aðila utan skólans. Það krefst lipurðar í mannlegum samskiptum, frumkvæðis og skipulagðra og sjálfstæðra vinnubragða. Gæðastjóri þarf að geta unnið sjálfstætt og eftir sýn, stefnu og markmiðum MA. Starfsfólk framhaldsskóla skal hafa hreint sakavottorð skv. 4. mgr. 8. gr. laga framhaldsskóla nr. 92/2008.

Annað

Gæðastjóra er skylt að rækja starf sitt af alúð og samvirkusemi. Hann skal koma stundvíslega til starfa og gæta kurteisi, lipurðar og réttisýni í starfi sínu og forðast að hafast nokkuð það að í starfi sínu og utan þess sem honum er til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á starfið eða starfsgreinina, sbr. 14. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Skylt er gæðastjóra að hlýða löglegum fyrirskipunum skólameistara um starf sitt, sbr. 15. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Áður en gæðastjóri stofnar til atvinnurekstrar eða hyggst taka við starfi í þjónustu annars aðila samhliða starfi ber honum að skýra skólameistara frá því, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Gæðastjóra er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi sbr. 20. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Ráðið er til starfsins til tveggja ára og það auglýst innan skólans.